



Alþingi
Erindi nr. P 128/403
komudagur 3.12.2002

29. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, 359. mál, gjaldaheimildir

Í bréfi dags. 21. nóvember 2002 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 359. mál.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Í fyrri umsögnum um hliðstæð frumvörp hefur bankinn minnt á að á undanförunum árum hafi æ meiri áhersla verið lögð á að efla eftirlit með starfsemi fjármálastofnana um allan heim. Um leið og fjármálaviðskipti hafa orðið fjölbreytilegri hefði eftirlit orðið víðfeðmara og flóknara. Bankinn leggur áherslu á mikilvægi þess að hér á landi sé virkt eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við kröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi.

Í fylgiskjölum með frumvarpinu er ítarlega greint frá starfsemi Fjármálaeftirlitsins auk þess sem gerð er grein fyrir rekstri þess næstu þrjú árin. Seðlabankinn telur að upplýsingarnar sem fram koma í greinargerðinni með frumvarpinu og í fylgiskjölum með henni sýni með skýrum hætti mikilvægi fjármálaeftirlits og umfang núverandi starfsemi sem bankinn telur nauðsynlegt. Bankinn telur að Fjármálaeftirlitið hafi sinnt hlutverki sínu mjög vel þann tíma sem það hefur starfað og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Isl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Sveinbjörn Hafliðason
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS